

## M-59/2012 Álit 20. desember 2012

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. desember 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-59/2012:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á varmadælu sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar auk skaðabóta.

#### II

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 11. október sl. sendi kærunefndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar beiðni þína um álit viðskipta við Y.

Kærunefndin telur að álitsbeiðni þína skorti gögn til þess að nefndin geti komist að niðurstöðu í máli þínu en í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við þetta er því óskað eftir eftirfarandi gögnum og upplýsingum frá þér vegna umræddra kaupa:

1. Hverskonar kvittanir fyrir kaupum á varmadælunni.
2. Nánari lýsingu á atvikum máls og þeim göllum sem þú telur vera á varmadælunni, þá sérstaklega hvernig uppsetningu var háttað og hvaða leiðbeiningar fylgdu með dælunni.
3. Hver önnur þau gögn eða upplýsingar sem þú kannt að hafa undir höndum og gætu varpað frekara ljósi á mál þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til þriðjudagsins 23. október.

Berist gögnin ekki fyrir þann tíma má búast við því að kærunefndin vísi álitsbeiðni þinni frá sér samkvæmt ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.“

Hinn 29. október barst kærunefndinni svar frá álitsbeiðanda. Var þar að finna staðfestingu á greiðslu vegna kaupa á varmadælu þeirri er álitsbeiðandi taldi gallaða, en önnur gögn sem bárust frá álitsbeiðanda voru ekki til þess fallin að varpa frekara ljósi á kröfur álitsbeiðanda.

Kærunefndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærufndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærufndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 11. október sl.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir